



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar.


Umsögn Sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um;

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps ítrekar bókanir sínar frá öllum fyrri stigum þessa máls. Ákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum er hafnað, enda nær það ekki að styðja við markmið um eflingu sveitarfélagastigsins að marki en getur þvert á móti leitt til veikingar byggða á ákveðnum svæðum. Lýðræðislegan rétt íbúa sveitarfélaga ber að virða óháð stærð þeirra.

Sveitarstjórn mælir sterklega með því að tillaga starfshóps minni sveitarfélaga sem send var inn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 15. febrúar 2021 verði sett í lög og telur að það muni leiða til mikið farsælli þróunar sveitarfélaga en íbúalágmark það sem í frumvarpinu er.

Grenivík 16. febrúar 2021,
f.h. sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps.



Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri